

## 77. Stjórnarfundur Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn á skrifstofu Vestfjarðastofu, Ísafirði og í fjarfundi þann 26. febrúar 2026 kl. 12:00

**Mætt voru:** Gylfi Ólafsson formaður, Dagný Finnbjörnsdóttir, Freyja Ragnarsdóttir Pedersen, Gauti Geirsson, Guðmundur Fertram Sigurjónsson, Hildur Aradóttir, Karen Ósk Pétursdóttir, Magnús Ingi Jónsson og Sif Huld Albertsdóttir.

Forföll boðuðu Anna Björg Þórarinsdóttir, Þórkátla Soffía Ólafsdóttir og Lilja Sigurðardóttir. Ekki tókst að boða varamann fyrir Önnu Björgu en Freyja og Karen sátu fundinn fyrir Þórkötlunni og Lilju.

Bragi Þór Thoroddsen, Súðavíkurbreytti sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Auk þess sátu fundinn Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri, Guðrún Anna Finnbogadóttir, teymisstjóri atvinnuþróunar og Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðapróunar sem ritaði einnig fundargerð.

Formaður gat ekki setið upphaf fundarins og tók Gauti Geirsson, varaformaður við stjórn fundarins.

Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir

1. Fiskeldi – staða lagasetningar (til kynningar)
2. Gullkistan Vestfirðir – næstu skref (til kynningar og umræðu)
3. Viðbótarfjármagn til Sóknaráætlunar (síðari umræða)
4. Almyrkvi 2026 (til kynningar og umræðu)
5. Náttúrustofur – fjármögnun (til umræðu)
6. Skýrsla framkvæmdastjóra (til kynningar)
7. Fundargerðir til kynningar
  - a. [Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga – 993 fundur 18.02.2026](#)
  - b. [Fundargerð 80. fundar stjórnar SSNE 5. febrúar 2026](#)
  - c. [Fundargerð 135. fundar stjórnar SSNV 3. febrúar 2026](#)
  - d. [623. fundur stjórnar SSH 16. febrúar 2026](#)
  - e. [633. fundur stjórnar SASS 6. febrúar 2026](#)
  - f. [820. fundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 16. febrúar 2026](#)

## Fundur stjórnar FV

1. Ársreikningur FV 2025
2. Menntaþing Vestfjarða
3. Umsagnir
4. Önnur mál.
  - a. Aukabing Fjórðungssambands Vestfirðinga

Varaformaður setti fundinn og kannaði hvort athugasemdir væru við boðun fundarins og dagskrá hans, engar athugasemdir komu fram og því gengið til dagskrár.

### 1. Fiskeldi – staða lagasetningar

Varaformaður fór yfir stöðu undirbúnings frumvarps um Lagareldi. Drög voru til umfjöllunar í Samráðsgátt og nú er beðið að frumvarpið verði lagt fram á Alþingi. Hann rakti helstu atriði sem eru til úrbóta og mikilvægi þess að frumvarpið nái fram að ganga á vorþingi. Til máls tóku auk varaformanns, Fertram, Bragi. Formaður kom til fundar undir umræðu og tók þátt í henni auk þess að taka við stjórn fundarins.

### 2. Gullkistan Vestfirðir – næstu skref

Formaður gaf Guðrúnu Önnu orðið sem kynnti munnlega skýrslu frá Sóknarhópi um stöðu og næstu skref verkefnisins fram til ársins 2027. Óskaði hún eftir umræðu og hugmyndum stjórnar um framkvæmd verkefnisins.

Til máls tóku auk formanns, Fertram

### 3. Viðbótarfjármagn til Sóknaráætlunar

Formaður kynnti að nú færi fram síðari umræða um dagskrárliðinn en málið var fyrst tekið til umræðu á 76. fundi stjórnar.

Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblað til stjórnar Fjórðungssambands og Vestfjarðastofu með mögulegum framkvæmdaleiðum og kynnti stöðu málsins hjá öðrum landshlutasamtökum sveitarfélaga.

Formaður lagði til að farið yrði eftir tillögu minnisblaðs um að auglýst verði eftir tillögum að áhersluverkefnum og vinnuhópi falið að vinna úr þeim tillögum. Í vinnuhóp verði skipaðir þrír fulltrúar frá Vestfjarðastofu og tveir fulltrúar úr Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs. Vinnuhópur taki þegar til starfa og hafi umboð til að auglýsa eftir umsóknum.

Formaður gaf orðið laust um tillöguna. Til máls tóku Sigríður og Aðalsteinn. *Tillaga borinn upp og samþykkt samhljóða.*



Formaður gerði tillögu um að fulltrúar Vestfjarðastofu verði formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri og leitað eftir tilnefningum Úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs.

*Tillagan borinn upp og samþykkt samhljóða.*

Guðmundur Fertram vék af fundi.

#### **4. Almyrkvi 2026**

Formaður gaf framkvæmdastjóra orðið og kynnti hún minnisblað sem Sölvi Guðmundsson, teymisstjóra markaðar og menningar hafði tekið saman fyrir fundinn og var einnig kynnt á fundi Sóknarhóps fyrr í dag. Í minnisblaðinu er lögð til bókun um fundarins.

*Stjórn Vestfjarðastofu lýsir yfir áhyggjum af stöðu undirbúnings vegna almyrkva 2026, sérstaklega hægagangi í ákvarðanatöku og skorti á fjármagni til þeirra stofnana sem bera ábyrgð á móttöku innlendra og erlendra gesta og öryggi þeirra á Vestfjörðum.*

Formaður gaf orðið laust um bókun stjórnar, enginn tók til máls.

*Tillaga að bókun borinn upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.*

#### **5. Náttúrustofur – fjármögnun**

Formaður gaf framkvæmdastjóra orðið. Hún kynnti að verulega lækkun framlaga í Fjárlögum 2026 til náttúrustofa í landinu, eða 64 mkr og lagði fram tillögu að bókun stjórnar.

Til máls tóku auk formanns og framkvæmdastjóra, Gauti, Aðalsteinn, Guðrún Anna og Freyja.

*Náttúrustofa Vestfjarða hefur um árabíl gegnt lykilhlutverki í rannsóknum, vöktun og ráðgjöf á Vestfjörðum. Náttúrustofan stuðlar að því að þjónusta og þekking verði til þar sem hún nýtist best í nærsamfélaginu. Í fjárlögum 2026 er grunnframlag skorið niður með þeim hætti að rekstrargrundvöllur veikist, þrátt fyrir yfirlýsta stefnu stjórnvalda um eflingu rannsókna og öflugar byggðar um allt land. Þessi niðurskurður bitnar sérstaklega á landsbyggðinni þar sem stofurnar eru meðal mikilvægustu faginnviða og skapa sérfræðistörf fyrir háskólamenntað fólk. Um leið dregur úr þjónustu við sveitarfélög og atvinnulíf.*



*Stjórn Vestfjarðarstofu lýsir áhyggjum af og mótmælir þeirri þróun að rannsóknir, vöktun og eftirlit sé í auknum mæli sinnt út frá höfuðborgarsvæðinu. Stjórnin skorar á stjórnvöld að endurskoða ákvörðun sína varðandi niðurskurð á fjárveitinga til náttúrustofa á landsbyggðinni.*

*Tillaga að bókun borinn upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.*

## **6. Skýrsla framkvæmdastjóra**

Framkvæmdastjóri kynnti munnlega skýrslu um framkvæmd og stöðu verkefna frá síðasta stjórnarfund. Formaður fór yfir stöðu á hluta verkefna og gaf orðið laust, en enginn tók til máls.

## **7. Fundargerðir til kynningar**

Lagðar fram til kynningar fundargerðir frá landshlutasamtökum og Sambandi Íslenskra sveitarfélaga.

- a. [Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga – 993 fundur 18.02.2026](#)
- b. [Fundargerð 80. fundar stjórnar SSNE 5. febrúar 2026](#)
- c. [Fundargerð 135. fundar stjórnar SSNV 3. febrúar 2026](#)
- d. [623. fundur stjórnar SSH 16. febrúar 2026](#)
- e. [633. fundur stjórnar SASS 6. febrúar 2026](#)
- f. [820. fundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 16. febrúar 2026](#)

Formaður óskaði eftir heimild stjórnar að taka tvö mál á dagskrá. Dagskrártillaga borinn upp og samþykkt samhljóða.

### *i. Stjórnafundur án aðkomu framkvæmdastjóra eða starfsmanna.*

Formaður kynnti þá tillögu að teknir verði upp reglulegir fundir stjórnar án aðkomu framkvæmdastjóra og starfsmanna. Sækja mætti fyrirmyndir að slíkum fyrirkomulagi í stjórnnum margra stofnana og félaga. Þetta væri liður í að stuðla að sjálfstæði stjórnna og fæli ekki í sér vantraust á framkvæmdastjórn. Fundir verði haldnir einu sinni til tvisvar á ári og tillaga hans væri að fyrsti fundur verði haldinn í tengslum við næsta stjórnarfund. *Tillagan borinn upp og samþykkt samhljóða.*

### *ii. Niðurstaða útboðs á ríkisstyrktu áætlunarflugi til Ísafjarðar.*

Formaður tók upp fréttir dagsins í dag varðandi útboð á flugi til Ísafjarðar. Eitt tilboð barst, frá Icelandair sem bauð 3,5 ma í verkefnið til fjögurra ára, en verktakakostnaður útboðsins var áætlaður 1,3 ma, tilboðið er því 263% yfir áætluðum kostnaði.

Niðurstaða kemur verulega á óvart og að óbreyttu er komin upp alvarleg staða í áætlunarflugi til Ísafjarðar. Óskaði formaður eftir umræðu innan stjórnar hvernig taka beri afstöðu til þessa máls fram að næsta stjórnarfundi.

Til máls tóku auk formanns, Gauti, Sigríður, Magnús, Sif Huld.

Formaður lagði til í ljósi umræðu á fundinu, að afla nánari upplýsinga frá aðilum máls og vera tilbúinn í opinbera umræðu á grundvelli meiri upplýsinga og umræðu stjórnar á fundinum.

Fleira ekki gert og formaður sleit fundi stjórnar Vestfjarðastofu kl 13.00 og gaf stutt hlé.



Fjórðungssamband  
Vestfirðinga



Vestfjarðastofa



Markaðstofa  
Vestfjarða

## Fundur stjórnar FV

Fundur settur kl 13.05

### 1. Ársreikningur FV 2025

Mætt til í fjarfundi Margrét Högnadóttir, viðskiptafræðingur frá Endurskoðun Vestfjarða.

Lögð fram til kynningar fundargerð Fjárhagsnefndar Fjórðungssambands frá 18. febrúar s.l. og minnisblað sviðsstjóra um ársreikning 2025. Tillaga fjárhagsnefndar til stjórnar Fjórðungssambands er að samþykkja ársreikning.

Formaður gaf Margréti og Aðalsteini orðið til að fara yfir niðurstöðu ársreiknings

Rekstrartekjur nema kr 285.009.045,- og aðrar tekjur kr 3.450.872, - en rekstragjöld nema kr 291.412.565,-. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsgjöld og tekjur er neikvæð, er nemur 2.952.648,-, nettó fjármagnstekjur nema kr 3.449.791,-. Rekstrarniðurstaða að teknu tilliti til fjármagnstekna nemur kr 497.143 , -.

Fastafjármunir nema kr 4.161.513,-, veltufjármunir kr 134.012.277,-, eignir alls kr 138.173.790,-.

Eigið fé kr 39.238.479,-. Langtímaskuld (Lífeyrisjóðskuldbinding) uppreiknuð í árslok 2025 kr 10.168.929,-, skammtímaskuldir kr 88.766.382., skuldir alls kr 98.935.311,-, eigið fé og skuldir alls kr 138.173.790,-.

Með reikningum fylgja skýringar og rekstrarreikningar fyrir deildir.

Aðalsteinn kynnti síðan efni minnisblaðs um einstaka rekstarliði og bar saman við endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2025, yfirlit um verkefni úr varasjóði stjórnar og framkvæmd stærstu verkefna. Hann fór yfir einstaka liði efnahagsreiknings þ.m.t. einstaka liði innan skammtímaskulda.

Margrét tilgreindi að endurskoðun væri á lokastigi, en til þessa hefðu ekki komið fram atriði sem gerðu tilefni til athugasemda. Margrét og Aðalsteinn svöruðu fyrirspurnum um einstök atriði ársreikningsins.

*Formaður gerði að tillögu að staðfesta ársreikning og skýrslu stjórnar fyrir árið 2025 og til afgreiðslu hans á 71. Fjórðungspings Vestfirðinga. Tillagan borinn upp og samþykkt samhljóða.*

Margrét Högnadóttir vék af fundi.



## 2. Menntaþing Vestfjarða

Framkvæmdastjóri vísaði til umræðu um málið í skýrslu framkvæmdastjóra á fundi Vestfjarðastofu. Menntamál væru kjarnaverkefni og þróun málaflokksins mikilvæg fyrir framþróun svæðisins.

Til máls tóku auk framkvæmdastjóra, Gylfi, Magnús, Hildur

## 3. Umsagnir

Formaður gaf Aðalsteini orðið til að fara yfir stöðu umsagna í Samráðsgátt og til Alþingis, frá síðasta stjórnarfundum.

Engar umsagnir eru til skoðunar né liggja fyrir umsagnarbeiðnir.

Í vinnslu er umsögn í Samráðsgátt; Grænbók Byggðaáætlunar <https://island.is/samradsgatt/mal/4169> umsagnarfrestur er til 16. mars n.k..

Afgreiddar hafa verið tvær umsagnir til Alþingis.

- Þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2026–2040 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2026–2030. <https://www.althingi.is/alttext/erindi/157/157-1504.pdf>
- Tillaga til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 24/152. (um virkjanakosti á Vestfjörðum). <https://www.althingi.is/alttext/erindi/157/157-1743.pdf>

Afgreiddar hafa verið tvær umsagnir í Samráðsgátt.

- Umhverfis, orku og loftlagsráðuneyti. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum. Umsagnarfrestur 26.1.–17.2.2026 <https://island.is/samradsgatt/mal/4150> (varðar málefni Heilbrigðisnefnda sveitarfélaga)
- Atvinnuvegaráðuneyti. Drög að frumvarpi til laga um sameiningu Matvælastofnunar, Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðsu. Umsagnarfrestur 5.–20.2.2026 <https://island.is/samradsgatt/mal/4178> (varðar málefni Heilbrigðisnefnda sveitarfélaga)

Niðurstaða umsagna og svör við fyrirspurnum á Alþingi.

- Fundur með umhverfis og samgöngunefnd Alþingis, 17. febrúar 2026. Fundinn sóttu Gylfi Ólafsson, formaður og í fjarfundi Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri, Erna Lea Bergsveinsdóttir, verkefnastjóri og Hildur Ása Gísladóttir, formaður Ungmennaráðs Vestfjarða.

## 4. Önnur mál.

### a. Aukaping Fjórðungssambands Vestfirðinga

Formaður gaf sviðsstjóra og framkvæmdastjóra orðið.

Sviðsstjóri lagði fram minnisblað þar sem beint er til stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga að taka til skoðunar að boða til aukapings sambandsins til að fjalla um ársreikning og skýrslu stjórnar Fjórðungssambandsins fyrir starfsárið 2025.

Vísað er til að ársfundur Vestfjarðastofu verður haldinn þann 15. apríl n.k.. Samkvæmt samþykktum Fjórðungssambands Vestfirðinga verður ekki haldið vorþing þegar kosið er til sveitarstjórna, heldur þingið haldið að aflokum kosningum í júní n.k..

Með vísan til hve verkefni og fjármögnun verkefna Vestfjarðastofu er samtengd Fjórðungssambandsins er æskilegt að fjallað sé um reikningsskil þessara aðila í samhengi.

Formaður bar upp tillögu um boðun aukapings sem fjalli um tvo fyrstu dagskrárliði Fjórðungspings samkvæmt 10. gr. samþykpta, ársskýrslu og ársreikning liðins árs.

*Tillagan samþykkt samhljóða.*

Framkvæmdastjóri tók til umræðu að í tengslum við Fjórðungsping og ársfund Vestfjarðastofu yrði haldinn vinnustofa fulltrúaráðs til að hefja vinnu að endurskoðun stefnu Vestfjarðastofu. Núverandi stefna hefði verið mótuð við stofnun Vestfjarðastofu 2017 til 10 ára.

Samþykkt samhljóða og boða til fundar.

Fleira ekki gert og formaður sleit kl 13.55



